

# FRAMVÆMDARANNSÓKN VEGNA ENDURBYGGINGAR SMÍÐJU OG FYRIRHUGAÐRAR BYGGINGAR TÆKNIHÚSS Í ÓLAFSDAL

---



Hólmfríður Sveinsdóttir

---

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**  
**REYKJAVÍK 2020**  
FS808-20341



## Grunnupplýsingar

**Leyfisnúmer**

202008-0077

**Þjóðminjasafnsnúmer**

2020-50

**Númer fornleifa úr skráningarskýrslu**

DA-198:003. Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð.* FS618-16131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

**Stutt lýsing rannsóknar**

Könnunarskurðir vegna fyrirhugaðrar byggingar tækniúss og endurbyggingar smiðju í Ólafsdal.

**Staðsetning**

Ólafsdalur við Gilsfjörð, Dalasýslu

**GPS hnit Smiðju**

65°25.175N 21°44.743V

**Rannsóknartími**

3. september 2020

**Leyfishafi**

Hólmfríður Sveinsdóttir

**Fjöldi starfsmanna**

2

**Forsíðumynd**

Könnunarskurður í smiðjustæðis. Skólahús í bakgrunni. Horft í vestur. Ljósmyndari: Guðrún Alda Gísladóttir.

## Staðsetningarkort



*Mynd 1: Staðsetning könnunarskurða. Skurð 1 má sjá hægra megin við skólahúsið en skurðurinn var tekinn í gegnum smiðjugrunninn. Skurður 2 er staðsettur fyrir norðan skurð 1. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

# Útdráttur

Vegna endurbyggingar smiðju og fyrirhugaðrar byggingar á tæknihúsi í Ólafsdal fór *Minjavernd* þess á leit við *Fornleifastofnun Íslands* að gera fornleifakönnun á svæðinu áður en framkvæmdir hæfust. Smiðjan sem stóð austan við íbúðarhúsið er talin hafa verið reist fyrir 1888 og rifin upp úr 1930 en ekki var vitað um fornleifar á reit fyrirhugaðs tæknihúss. Grafnir voru tveir skurðir, einn í gegnum smiðjustæðið sem afmarkast af grjóthlöðnum undirstöðum gömlu smiðjunnar og annan í reit tæknihúss. Í báðum könnunarskurðum fundust mannvistarlög. Í smiðjuskurði fundust leifar smiðjubyggingarinnar og styðja gripir við þekktu tímasetningu hússins frá seinni hluta 19.–20. aldar. Á reit tæknihúss var mannvistarlag, raskað moldarblandað lag með kolum, líkt og fundist hefur víðar í kringum Ólafsdalsbæinn og gætu verið jarðabætur frá tímum bændaskólans.

## Lykilorð

Ólafsdalur, 19. öld, 20. öld, smiðja, bændaskóli, fornleifar, framkvæmdarannsókn

## Abstract

In the valley Ólafsdalur plans are to renovate the smithy of the former agricultural school and build a new service house by *Minjavernd*. The smithy was erected prior to 1888 and went out of use after 1930. The stone foundations of the smithy are still visible east of the main house. *The Institute of Archaeology* (Fornleifastofnun Íslands) carried out an archaeological investigation prior to further construction. Two test trenches were excavated, one at the smithy site and another at the planned location of the service house. Archaeology was present in both trenches. Trench 1 had remains of the late 19th–20th century smithy and in trench 2 a mixed occupation deposit with charcoal was detected.

## Keywords

Ólafsdalur, 19th century, 20th century, smithy, agricultural school, archaeology, development led excavation

## Efnisyfirlit

<b>FRAMVÆMDARANNSÓKN VEGNA ENDURBYGGINGAR SMÍÐJU OG FYRIRHUGAÐRAR BYGGINGAR TÆKNIHÚSS Í ÓLAFSDAL</b> .....	1
Grunnupplýsingar .....	1
Staðsetningarkort.....	2
<b>Útdráttur</b> .....	3
<b>Lykilorð</b> .....	3
<b>Abstract</b> .....	3
<b>Keywords</b> .....	3
Inngangur.....	5
Aðferðarfræði .....	6
Minjar .....	7
Smiðja: Könnunarskurður 1 .....	7
Austurhluti/viðbyggingarhluti .....	7
Vesturhluti/aðalhús smiðju:.....	7
Niðurstaða könnunarskurðar 1 .....	8
Fyrirhugað tæknihús: Könnunarskurður 2 .....	10
Niðurstaða könnunarskurðar 2 .....	10
Gripir .....	11
Lokaorð .....	11
Heimildaskrá .....	12
Myndaskrá.....	12
Viðauki 1: Einingaskrá .....	13
Viðauki 2: Fundaskrá .....	13
Viðauki 3: Ljósmyndaskrá .....	13

## Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar byggingar á tæknihúsi og endurbyggingar smiðju Ólafsdals, sem áætlað er að reisa á upphaflegum grunni og í upphaflegri mynd hvað varðar stærð, lögun og ytra útlit, fór Minjavernd þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að gera fornleifakönnun á framkvæmdasvæðinu. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort fornleifar leyndust undir sverði og þá meta eðli, aldur, umfang og ástand mannvistarleifanna. Í Ólafsdal var rekinn búnaðarskóli á árunum 1880-1907 og eru mörg mannvirki frá þeim tíma á svæðinu (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016, 5).



*Mynd 2. Torfhús, mögulega eldri smiðja, sést vinstra megin við skólahús. Ljósmynd tekin af Johannes Klein, án ártals en var þó líklega tekin árið 1898 (Birna Lárusdóttir 2018, 16). Ljósmynd úr danska þjóðminjasafninu (DMR-159827), sótt af: <https://samlinger.natmus.dk/DMR/asset/159827>*

Smiðja (DA-198:003, hnit: 65°25.175N 21°44.743V) stóð austan við skólahúsið norðanvert. Smiðjan var úr timbri og sneri stöfnum í norður og suður en grjóthlaðinn grunnur smiðjunnar, sem er um 8 x 7 m stór frá norðri til suðurs, sést enn – staðsettur um 5-6 m austan við skólahúsið. Lægri skúrbygging var meðfram austurhlið smiðjunnar (Birna Lárusdóttir 2018, 15).

Eldri smiðjubygging úr torfi og grjóti stóð áður á reitnum og sést á túnakorti frá árinu 1888 (Birna Lárusdóttir 2018, 15). Ljósmynd af torfhúsi þar sem seinna reis smiðja úr timbri

var tekin af Johannesi Klein, líklega árið 1898 (Birna Lárusdóttir 2018, 16). Má ætla að þessi eldri smiðja úr torfi og grjóti hafi því staðið í um 10 ár og rifin niður stuttu eftir að mynd 1 var tekin (Birna Lárusdóttir, *pers. comm.*). Í kjölfarið hefur verið reist timburbygging en hennar er getið í skýrslu um starfsár skólans 1898-1899: "Smiðja úr timbri, 12 álna löng, 6 álna breið að innan, með lofti og alþiljuðu húsi í öðrum enda." Talið er að smiðjan hafi verið rifin upp úr 1930 (Birna Lárusdóttir 2018, 15).



Mynd 3. Ljósmynd frá upphafi 20. aldar af timbursmiðjunni, staðsett vinstra megin við skólahúsið, en byggingin er nefnd í skýrslu um starfsár skólans 1898-1899 en talið er að hún hafi verið rifin um 1930 (Birna Lárusdóttir 2018, 15). Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

Norðvestur af smiðjunni er byggingarreitur fyrir áætlað tækniús. Engar minjar voru skráðar innan reitsins við fornleifaskráningu (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2016; Birna Lárusdóttir 2018).

Rannsóknin fór fram þann 3. september 2020 og var unnin af Hólmfríði Sveinsdóttur og Guðrúnu Öldu Gísladóttur.

### Aðferðarfræði

Skurðirnir voru vélgrafnir af Arnari Eysteinessyni en þeir steinar sem losnuðu úr grjóthlaðna grunni smiðjunnar við gerð könnunarskurðar voru teknir til hliðar þar sem þeir steinar verða endurnýttir við endurgerð hússins. Ljósmyndir voru teknar af sniðum auk vinnumynda af uppgrafterferlinu. Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir einingaaðferðinni (e. *single context recording*) (Lucas 2003). Þeir gripir sem fundust við uppgröftinn *in situ*, þ.e. í sínu samhengi, voru hirtir.

## Minjar

### Smiðja: Könnunarskurður 1

Steinhlaðinn grunnur afmarkar allt smiðjustæðið og því var nokkuð greinilega hægt að sjá að aðalhluti smiðjunnar vestantil var á aðeins hærri stalli en viðbyggingin austan við. Við fornleifarannsókn kom einnig í ljós þónokkur munur mannvistarlaga undir austur og vesturhluta. Svo er að sjá að jarðvegsskipti hafi átt sér stað undir aðalhluta en ekki undir viðbyggingu.

Grafinn var 7,5 m langur og 0,7 m breiður skurður gegnum smiðjustæðið og sneri skurðurinn í austur – vestur. Suðursnið skurðar var teiknað.

#### Austurhluti/viðbyggingarhluti

Beint undir grasrót [001] innan viðbyggingar smiðjunnar, þ.e. lægri skúrbyggingar meðfram austurhlið smiðjunnar (sjá, Birna Lárusdóttir 2018, 15), var að finna fíngert malarlag [002] með sorfnum smásteinum og stærri steinum, undirstöður undir gólf og tengist þetta lag byggingu hússins. Sökkull austurveggs viðbyggingar [004] eru í skurði [003]. Efstu sökkulsteinar voru sýnilegir á yfirborði, kantaðir en ekki tilhoggnir. Undir sérvöldu steinum er grjótpúkk, holtagrjót, og torf/mold ofan á og innanvið í skurðinum. Milli viðbyggingar og aðalhúss er annar sökkull [015]. Fyrir honum er grafið, sjá skurð [005=006], og efst í skurðinum eru kantaðir steinar og undir grjótpúkk með torfi/mold að ofan. Skurðir [003] og [005] eru grafnir í gegnum lög [007, 008, 009 og 010]. Undir [002] er hreyft lag [007] sem er rauðbrúnt, blandað torfi, smásteinum, sandi og örlitlum viðarleifum. Við tók 5-15 sm þykkt lag [008] sem var tvískipt á köflum, moldarblandað, með móösku og beinaleifum í efri hluta og kolum og viðarösku í neðri hluta, án efa úr eldstóm bændaskólans. Nokkur brot af rúðugleri voru í laginu. Undir þessu lagi voru náttúruleg lög: Hreint, ljórauðbrúnt áfokslag, leirkennt [009] og rauðgrár og sendinn jökulleir [010].

#### Vesturhluti/aðalhús smiðju:


Undir grasrót [001] innan aðalbyggingar smiðjunnar var að finna undirstöðulag [011] með steinhnullungar í malarlagi. Vesturveggur [016] er þannig gerður að neðst er grjótpúkk, torf og mold en ofar vel valdir stórir kantaðir steinar sem sáust á yfirborði. Lög [011, 012, 013 og 014] eru öll aðflutt og fylgja byggingu þessa hluta hússins, uppfyllingarefni milli veggja. Undir gólfþúkki [011] var dökkbrúnt blandað uppmoksturlag með mold og sandi [012] með einstaka kolamolom. Var tjörupappi neðst í þessu lagi á stöku stað. Við tóku fremur hreinar uppfyllingar: Gróft, hreint moldarlag [013] með grjóthnullungum og grábrúnt sendið og leirblandað lag [014]. Undir þessum lögum var óhreyfður jarðvegur, rauðgrár og sendinn jökulleir [010] og þegar skurður [006] var grafinn fyrir sökklinum var aðeins grafið ofan í jökulleirinn.



#### Niðurstaða könnunarskurðar 1

Verklegur steinsökkull var undir húsinu sem á reitnum stóð. Ekki sáust ummerki um eldri smiðjubyggingu í könnunarskurðinum sem talið er að hafi staðið á svæðinu frá 1888 til u.þ.b. 1898/1899 þegar tímursmiðjan var reist (sjá, Birna Lárusdóttir 2018, 15-16 og umfjöllun hér að framan). Jarðvegsskipt var undir yngri hluta smiðjunnar vestan til en ekki í viðbyggingarhlutanum austantil. Gripirnir koma heim og saman við þekktar heimildir og staðfestir tímasetningu minjanna frá seinni hluta 19. aldar/fyrri hluta 20. aldar.





Mynd 4. Snúðteikning skurðar 1, svöðrsmíð.

## Fyrirhugað tæknihús: Könnunarskurður 2


Grafinn var 5,8 m langur og 0,7 m breiður könnunarskurður á reit áætlaðs tæknihúss. Huti austursniðs skurðarins var teiknað, alls 2,5 m. Núll punktur sniðs er u.þ.b. 1,5 m suður af norðurenda skurðar. Öllum lögum hallar ákveðið niður hólinn til norðurs.

Undir grasrót [001] var þykkt lag [002] með smásteinum, mól og mold, þarna hafa orðið jarðvegsskipti. Undir [002] var hreyft mannvistarlag [003] með einstaka kolamolun og torfsneplum með mýrrarauða. Neðar voru náttúruleg lög [004] og [005] sem virðast vatnsrofin og eru leirkennd. Lag [004] er svargráleitt með brúngráum leirlögum, áfoki og mýrrauða. Þar undir er gráleitt leirlag [005], sendið og yrjótt, með mýrrarauða.

Talsverður hæðarmunur er af bæjarstæðinu og norður og niður fyrir hólinn þar sem skurðurinn er (sem var grafinn til að leiða í vatn á seinni hluta 19. aldar) og túnnum þar norðan við. Við skurðinn er landið blautt eins og vel kom í ljós í könnunarskurðinum. Vatn gæti einnig hafa runnið niður hólinn í lækinn og haft áhrif á neðstu jarðlögin í skurðinum.

### Niðurstaða könnunarskurðar 2

Jarðvegsskipti höfðu orðið á svæðinu allt að hálfum metra. Undir því voru hreyfð mannvistarlög með kolum, ef til vill jarðabætur. Engir gripir fundust í skurðinum né móöskulög.



## Gripir



Aðeins þeir gripir sem höfðu öruggt fundarsamhengi úr jarðlögum voru hirtir. Nokkrir gripir fundust í könnunarskurði 1, en engir gripir né bein voru í könnunarskurði 2. Gripasafnið sem heild aldursgreinir könnunarskurð 1 til seinni hluta 19. aldar fram á þá 20. Tveir gripir fengu númer, meitill úr járn 2020-50-1 úr lagi [002] og glerílát 2020-50-2 úr lagi [004], sjá fundaskrá, viðauka 2.

## Lokaorð

Fornleifarannsókn staðfesti mannvistarlög frá seinni hluta 19. aldar og fram á 20. öld í könnunarskurði 1 þar sem smiðja stóð. Óverulegar og raskaðar mannvistarleifar, kol og torfsnepla var að finna í könnunarskurði 2, þar sem stefnt er á að reisa tæknihús. Ætla má að mannvistarlög í skurði 2 tengist búskap og umsvifum heimilishalds í Ólafsdal á seinni hluta 19. aldar en engir gripir fundust sem gátu gefið vísbendingar um aldur mannvistarlagsins [2-003]. Laginu svipar til mannvistarlags [1-008] í könnunarskurði 1 og mannvistarlaga sem fundust árið 2019 þegar fornleifarannsókn var gerð við fjósið í Ólafsdal (sjá þar mannvistarlög [2003 og 3004]), sjá skýrslu Jakobs Orra Jónssonar o.fl. 2019. Þau lög voru aldursgreind til 19. aldar og talin tengjast jarðabótum.

## Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2016. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal. Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. FS618-16131. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir (ritstjóri). 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð; Fornleifaskráning með landsháttagreiningu*. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Jakob Orri Jónsson, Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. 2019. *Forkönnun vegna framkvæmda við fjós í Ólafsdal við Gilsfjörð*. FS755-19181. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

## Myndaskrá

*Mynd 1:* Staðsetning könnunarskurða. Loftmynd fengin hjá Loftmyndir ehf.

*Mynd 2:* Mynd af mögulegri eldri smiðju úr torfi. Ljósmyndari: Johannes Klein. Ljósmynd úr danska þjóðminjasafninu (DMR-159827), sótt af: <https://samlingen.natmus.dk/DMR/asset/159827>

*Mynd 3:* Ljósmynd frá upphafi 20. aldar af timbursmiðjunni. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

*Mynd 4:* Sniðteikning skurðar 1, suðursnið.

*Mynd 5:* Sniðteikning könnunarskurðar 2, austursnið.

*Mynd 6:* Gripur <2020-50-1>, meitill.

*Mynd 7:* Gripur <2020-50-2>, brot úr hvítu gleríláti.

## Viðauki 1: Einingaskrá

Svæði	Eininganúmer	Lýsing
Skurður 1	001	Yfirborðslag (grasrót)
Skurður 1	002	Austurhluti/viðbygging: Fíngert malarlag með steinum (grjótpúkk)
Skurður 1	003	Austurhluti/viðbygging: Skurður fyrir austurvegg (eystri vegg viðbyggingar)
Skurður 1	004	Austurhluti/viðbygging: Austurveggur viðbyggingar (steinar, sökkull)
Skurður 1	005=006	Skurður fyrir vegg í miðju milli smiðju og viðbyggingar (A-hlið)
Skurður 1	006=005	Skurður fyrir miðjuvegg smiðju (V-hlið)
Skurður 1	007	Austurhluti/viðbygging: Hreyft lag m. torfusneplum og smásteinum
Skurður 1	008	Austurhluti/viðbygging: Þykkt lag m. móösku/beinum að ofan, kol/viðarösku að neðan (jarðabætur?)
Skurður 1	009	Austurhluti/viðbygging: Hreint áfokslag, leirkennt. Óhreyft
Skurður 1	010	Austurhluti/viðbygging: Sendinn jökulleir, rauðgrár. Óhreyft
Skurður 1	011	Vesturhluti/aðalhús smiðju: Grjótpúkk – steinhnullungar (undirstaða fyrir gólf)
Skurður 1	012	Vesturhluti/aðalhús smiðju: Blandað grábrúnt lag með kolamolum og tjörupappa
Skurður 1	013	Vesturhluti/aðalhús smiðju: Gróft moldarlag með steinhnullungum
Skurður 1	014	Vesturhluti/aðalhús smiðju: Leirkennt lag, grábrúnt
Skurður 1	015	Veggur milli aðalhúss og viðbyggingar. Grjóthleðsla og púkk
Skurður 1	016	Vesturhluti/aðalhús smiðju: Vesturveggur. Grjóthleðsla og púkk
Skurður 2	001	Yfirborðslag (grasrót)
Skurður 2	002	Malar- og moldarlag. Jarðvegsskipti allt að 0,5 m þykkt
Skurður 2	003	Hreyft mannvistarlag með kolum og torfsneplum. Brúngrátt.
Skurður 2	004	Áfokslag, ljósrauðbrúnt. Óhreyft.
Skurður 2	005	Leirlag, grárauðleitt, yriðtt. Óhreyft.

## Viðauki 2: Fundaskrá

Fundanr.	Eining	Efni	Tegund	Lýsing	Fjöldi
1	[002]	Járn	Meitill	Meitill	1
2	[004]	Gler	Ílát	Tvö samtengd brot úr belgvíðu íláti úr hvítu gleri	2

## Viðauki 3: Ljósmyndaskrá

Safnnr.	Ljós nr	Svæði	Áttahorf	Myndefni	Dagsetning	Ljósmyndari
2020-50	IMG_6490		Suður	Keyrt inn Ólafsdal - yfirlitsmynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6491		Norðaustur	Vinnumynd – skurðir opnaðir	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6492		Norðaustur	Vinnumynd – skurðir opnaðir	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6493		Vestur	Vinnumynd af uppgraftarsvæði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6494		Vestur	Vinnumynd af uppgraftarsvæði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6495		Vestur	Vinnumynd af uppgraftarsvæði - skurður 1 með skólahús í baksýn	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6496		Vestur	Vinnumynd af uppgraftarsvæði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6497	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6498	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6499	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6500	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6501		Norður	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6502	Skurður 1	Norður	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6503	Skurður 1	Austur	Yfirlitsmynd af skurði 1	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6504	Skurður 1	Austur	Leirlag í botni skurðar	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6505	Skurður 1	Suðaustur	Leirlag í botni skurðar	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6506	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6507	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd - Veggur milli aðalhúss og viðbyggingar [015]	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6508	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6509	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6510	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6511	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6512	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6513	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6514	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6515	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir

2020-50	IMG_6516	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6517	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6518	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6519	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6520	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6521	Skurður 1	Suður	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6522	Skurður 1	Austur	Vinnumynd - Veggur milli aðalhúss og viðbyggingar [015]	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6523	Skurður 1	Austur	Yfirlitsmynd af skurði 1	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6524	Skurður 1	Austur	Vinnumynd – nærmynd af sniði	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6525	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6526	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6527	Skurður 1	Suður	Gripur <2020-50-2> in situ	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6528	Skurður 1	Suður	Gripur <2020-50-2> in situ	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6529	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6530	Skurður 1	Suður	Gripur <2020-50-2> in situ	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6531	Skurður 1	Suður	Gripur <2020-50-2> in situ	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6532	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6533	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6534	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_6535	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd	3. september 2020	Guðrún Alda Gísladóttir
2020-50	IMG_3826	Skurður 1	Norður	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3827	Skurður 1	Norður	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3828	Skurður 1	Norður	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3829	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir



2020-50	IMG_3830	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3831	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3832	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3833	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3834	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3835	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3836	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3837	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3838	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3839	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3840	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3841	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3842	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3843	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3844	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- skurður 1 opnaður	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3845	Skurður 1	Vestur	Vinnumynd- hreinsun á sniði	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3846	Skurður 1	Suður	Vinnumynd- hreinsun á sniði	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3847	Skurður 1	Austur	Vinnumynd- hreinsun á sniði	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3848	Skurður 1	Austur	Vinnumynd- hreinsun á sniði	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3849	Skurður 1	Austur	Veggur milli aðalhúss og viðbyggingar [015]	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3850	Skurður 1	Suður	Vinnumynd	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3851	Skurður 1	Suður	Suðursnið ljósmyndað frá austur- til vesturenda	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3852	Skurður 1	Suður	Suðursnið ljósmyndað frá austur- til vesturenda	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir
2020-50	IMG_3853	Skurður 1	Suður	Suðursnið ljósmyndað frá austur- til vesturenda	3. september 2020	Hólmfríður Sveinsdóttir



